



Borgarráð

Samningur um tímabundinn stuðning félagsmálaráðuneytisins við neyðarhúsnæði og þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir tiltekna hópa vegna Covid-19

Hjálagður samningur félagsmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar er varðar tímabundinn stuðning félagsmálaráðuneytisins við neyðarhúsnæði og þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir tiltekna hópa vegna Covid-19 er lagður fram til kynningar. Samkvæmt samningnum mun félagsmálaráðuneytið fjármagna tímabundnar lausnir fyrir þá sem ekki hafa í nein hús að venda vegna Covid-19 faraldursins í samstarfi við Reykjavíkurborg. Áætlaður heildarkostnaður vegna verkefnisins, sem er til fjögurra mánaða, er um 85 milljónir króna.

Greinargerð

Á undanförunum vikum hefur vaxandi hópur einstaklinga leitað til félagsþjónustu sveitarfélaga eftir fjár hagsaðstoð og aðstoð við húsnæðisleit. Um er að ræða fólk sem hefur dvalist erlendis, hjá ættingjum eða vinum eða í öðru tímabundnu húsnæði og hefur lent í fjárhags- og húsnæðisvanda vegna Covid-19, til dæmis vegna hættu á smiti í núverandi húsnæði, eða fólk sem þarf að fara í sóttkví, missir samastað sinn og leitar til sveitarfélags síns eftir húsnæðisúrræðum. Stundum getur þessar aðstæður borið brátt að og þörf fyrir úrræði strax. Í ljósi þessa mun Reykjavíkurborg, með fjármögnun frá félagsmálaráðuneytinu, koma á fót sérstakri móttöku sem er opin allan sólarhringinn og býður upp á skammtímahúsnæði fyrir þá sem eru í húsnæðisvanda vegna Covid-19. Reykjavík hefur þjónustað langstærsta hluta heimilislausra með fjölþættan vanda hér á landi og starfrækir þrjú neyðarskýli. Samstarfið þýðir jafnframt að borgin mun hafa svigrúm til að taka við öllum þeim sem þurfa þjónustuna á landsvísu óháð lögheimili. Móttakan mun tengja viðkomandi einstaklinga við félagsráðgjafa í því sveitarfélagi þar sem einstaklingurinn á lögheimili en viðkomandi getur dvalið í skammtímahúsnæðinu þar til mál hans eru komin í réttan farveg hjá því sveitarfélagi sem um ræðir. Rætt hefur verið við Akureyrarbæ um að grípa til svipaðra aðgerða í framhaldinu sé þörf og tilefni til.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samningur um tímabundinn stuðning félagsmálaráðuneytisins við neyðarhúsnæði og þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir tiltekna hópa vegna Covid-19, dags. 8. apríl 2020.



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Samningur um tímabundinn stuðning félagsmálaráðuneytisins við neyðarhúsnæði og þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir tiltekna hópa vegna Covid-19.

Félagsmálaráðuneytið, kt. 521218-0610, og Reykjavíkurborg, kt. 530269 -7609, gera með sér svofelldan samning.

1. gr. Tengiliðir.

Tengiliður félagsmálaráðuneytisins er Erna Kristín Blöndal, skrifstofustjóri á skrifstofu barna- og fjölskyldumála. Tengiliður Reykjavíkurborgar er Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs.

2. gr. Verkefni og markmið.

Markmiðið með samningi þessum er annarsvegar að tryggja að einstaklingar sem lenda í húsnæðisvanda vegna Covid-19 geti leitað eftir ráðgjöf og húsnæðisúrræði til skamms tíma þar til aðrar lausnir finnast af félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem viðkomandi á lögheimili og hinsvegar að tryggja að allir heimilislausir einstaklingar með fjölpættan vanda eigi kost á stuðningi og þjónustu, óháð lögheimili.

Verkefnið er tvíþætt:

- a) Félagsmálaráðuneytið tekur tímabundið þátt í kostnaði við að koma upp og starfrækja tímabundið neyðarhúsnæði fyrir tiltekna hópa sem hafa ekki í nein hús að venda vegna Covid-19 faraldursins. Gert er ráð fyrir að einstaklingar geti dvalið helgar og helgidaga og allt að fjóra virka daga í úrræðinu. Þetta á við um einstaklinga sem:
 - ✓ hafa dvalist erlendis,
 - ✓ hafa lent í fjárhagserfiðleikum og húsnæðisvanda vegna Covid-19,
 - ✓ eiga í hættu á að smitast af Covid-19 veirunni í núverandi húsnæði eða þurfa að vera í sóttkví eða einangrun,
 - ✓ hafa misst samastað sinn vegna Covid-19 og bíða eftir öðrum úrræðum í sínu sveitarfélagi.
- b) Félagsmálaráðuneytið veitir Reykjavíkurborg fjármagn til þess að auka stuðning og þjónustu við heimilislausa einstaklinga með fjölpættan vanda.

Í fylgiskjali er að finna nánari upplýsingar um verkefnin, útfærslur og kostnaðarmat.

FRN20040038

(AEO)

3. gr.
Forsendur samnings.

Samningur þessi er einn liður í viðbrögðum stjórnvalda í að bregðast við þeim afleiðingum sem Covid-19 faraldurinn hefur haft á samfélagið og þeirra áhrifa sem áfram munu gæta næstu mánuðina.

4. gr.
Ábyrgð.

Reykjavíkurborg ber ábyrgð á þeim verkefnum sem samningur þessi tekur til og að þau fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Reykjavíkurborg skal leggja fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað, sbr. 5. gr. samnings þessa. Reykjavíkurborg ber ábyrgð á skuldbindingum sem kann að vera stofnað til í tengslum við samning þennan.

Reykjavíkurborg er óheimilt að afhenda, án skriflegs samþykkis félagsmálaráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila. Þá er Reykjavíkurborg einnig óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

Reykjavíkurborg skal tryggja að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við lög nr. 90/2018 um Persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

5. gr.
Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála.

Félagsmálaráðuneytið veitir Reykjavíkurborg 44 m.kr. framlag vegna tímabundins neyðarhúsnæðis og 40 m.kr. í styrkingu á þjónustu við heimilisláusa með fjölþættan vanda. Við undirskrift samnings verða greiddar 42 m.kr. inn á viðskiptabanka Reykjavíkurborgar, bankanúmer: 0101-26-56, kt. 530269 -7609. Eftirstöðvar verða greiddar þann 15. júní nk.

Reykjavíkurborg ber að veita félagsmálaráðuneytinu upplýsingar um verkefnið, hvenær sem óskað er. Reykjavíkurborg skal senda ráðuneytinu greinargerð um stöðu verkefnanna og notkun fjármuna vegna þess fyrir 1. júní 2020. Greinargerðin skal staðfest af fulltrúa Reykjavíkurborgar. Fullnaðargreinargerð og fjárhagsuppgjör vegna fjárframlagsins skal senda ráðuneytinu við lok verkefnanna. Allar upplýsingar um verkefnið, svo sem greinargerðir um stöðu verkefna, fullnaðargreinargerð og fjárhagsuppgjör, skal senda á PDF-formi í tölvupósti til ráðuneytisins á netfangið frn@frn.is

Það athugast að Ríkisendurskoðun er heimilt að kalla eftir greinargerð um ráðstöfun fjárframlagsins og meta hvort Reykjavíkurborg hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt.

Félagsmálaráðuneytið hefur heimild til að gera eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samnings þessa. Skal ráðuneytið í því sambandi hafa aðgang að öllum þeim gögnum er samninginn varða.

6. gr.
Vanefndir og meðferð ágreiningsmála.

Reykjavíkurborg tilkynni ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að ekki verði hægt að uppfylla þær skyldur sem kveðið er á um í samningi þessum. Þá skal Reykjavíkurborg jafnframt greina frá

FRN20040038



úrræðum sem grípa á til komi til þess að Reykjavíkurborg geti ekki uppfyllt skyldur sínar skv. samningi þessum. Félagsmálaráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Reykjavíkurborg ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Rísi ágreiningur út af samningi þessum, tilurð hans, efni eða öðrum atvikum honum tengdum, skulu aðilar leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi í sameiningu. Takist aðilum ekki að leysa ágreining skal fara með málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


7. gr.

Gildistími, uppsögn o.fl.

Samningur þessi gildir til 8. ágúst 2020. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

Af samningi þessum skulu gerð tvö samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins og eitt eintak í vörslu Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, 8. apríl 2020


f.h. félagsmálaráðuneytisins


f.h. Reykjavíkurborgar

